

Skýrsla Fræðslunefndar

2008 – 2009

Eins og mörg fyrri ár þá hefur starf fræðslunefndar á sínu starfsári verið ansi lítið. Hennar aðalvinna er á sínu kjörári.

Það var aðeins einn Kiwanisklúbbur sem óskað eftir fræðslu á starfsárinu. Þeir óskuðu eftir að farið væri yfir störf nefnda.

Kjörfræðslunefnd óskaði ekki eftir neinum stuðningi, er það kannski alveg skiljalegt þar sem þar er á ferð fyrrverandi umdæmisstjórar. Þeir eru búnir að ganga í gegnum það að hafa bæði vel og illa undirbúið fólk í sinni sveit og hafa þá vitneskju hvernig á að fræða tilvonandi stjórnendur.

Mitt persónulega álit er að fræðslunefnd eigi að vera skipuð fyrr og hennar aðal starfsár sé á fræðslutímabilinu. Einnig að það sé ekki skipt um alla nefndina í einu svo að fræðslustörf verði hnitmiðari frá ári til árs.

Með Kiwaniskveðju

Formaður fræðslunefndar

Þorleifur Markússon

Skýrsla Hjálmanefndar

Í nefndinni starfa

Guðm Oddgeir Heklu

Helgi Straumfjörð Kötlu

Ástand í þjóðfélaginu undir áramót 2008 var ekki gott og ekki þótti öruggt hver staða hjálmaverkefnisins væri. Í nóvember var farið á fund til Eimskipa og gengið í þau mál að tryggja verkefninu fjármagn svo að fjárbinding falli ekki á Kiwanishreyfinguna. Það tekur um sex mánuði frá pöntun þar til hjálmarnir eru komnir í okkar hendur.

Markmið verkefnisins er að auka öryggi barna í umferðinni og við hjólréiðar.

Í lok apríl var fyrsta afhending hjálma og var sent eftir nemendum í 1. bekk í Norðlingaskóla og farið með þau í skoðunarferð um athafnasvæði Eimskips og hjálmar afhentir þar. Þetta er í sjötta skiptið sem félögin standa að þessu verkefni en á þessum árum hafa hátt í 30 þúsund hjálmar verið gefnir börnum 7-12 ára sem er tæplega 10% þjóðarinnar. Alls voru um 4.500 reiðhjól hjálma dreift í um 160 skóla kringum landið.

Verkefnið nýtur einnig ráðgjafar og stuðnings Herdísar Storgaard, verkefnisstjóra hjá Forvarnahúsinu.

Sá háttur sem verið hefur, að virkja Svæðisstjóra sem tengilið við klúbba, hefur gengið vel og mun ég óska eftir góðu samstarfi við komandi Svæðisstjóra.

Aðferðir klúbba við afhendingu hjálma hefur verið mismunandi. Og má þar nefna kirkjur, útihátíðir, íþróttahús og skólastofur.

En síðast en ekki síst má ekki gleyma fræðslunni til barnanna um notkun hjálma og þar eiga margir klúbbar mjög vel hæfa einstaklinga til að fræða börnin eða fá lögreglu og það færast í aukana að hjúkrunarfræðingur skólans komi inn í verkefnið.

Að lokum vil ég þakka öllum sem komu að þessu verkefni með okkur.

Nafn og fjölskylduhagir (gift, börn)

Ég heiti Hjördís Harðardóttir og er gift Sigurpáli Bergssyni, við eigum þrjú börn á aldrinum 12-19 ára

Hvenær var gengið til liðs við Kiwanis?

Ég byrjaði í Kiwanis árið 1996

Hvaða klúbbur og helstu embætti innan klúbbsins

Ég er í Kiwanisklúbbum Sólborg í Hafnarfirði og hef ég gengt flestum embættum klúbbsins,

Var ritari klúbbsins 2002-2003 og forseti 2005-2006, auk þess hef ég starfað í flestum nefndum klúbbsins .

Hvaða embætti innan umdæmisins (hérlandis og erlendis ef einhver eru)

Ég starfa sem umdæmisritari starfsárið 2008-2009

Af hverju er ég í Kiwanis?

Fyrst og fremst vegna þess að það er svo skemmtilegt að fá að taka þátt í svona félagsskap eins og Kiwanis er.

Það er alltaf gaman að mæta á Sólborgarfundi og hitta allar þessar frábæru konur á fundi eða þegar við gerum eitthvað annað okkur til skemmtunar.

Ég hef kynnst mörgu góðu og skemmtilegu fólki í gegnum árin í hreyfingunni og hef ég eignast marga vini sem er alveg ómetanlegt.

Það er líka mjög þorskandi og lærdómsríkt að starfa í Kiwanis sem hefur gefið mér mjög mikið og ég gæti ekki hugsað mér að vera án.

En auðvitað er ég líka í Kiwanis vegna þess að það er alveg frábært að geta látið gott af sér leiða og styrkt þá sem minna mega sín.

Hvernig sé ég kiwanishreyfinguna þróast næstu 10 ár

Ég tel að Kiwanishreyfinginn geti dafnað vel á komandi árum og eigi eftir að gera það .

Við þurfum að vera miklu duglegri að láta vita af okkur og hvað við erum að gera. Vera líka dugleg að segja fólki í kringum okkur af hverju við erum í Kiwanis og hvað Kiwanis gerir fyrir okkur. Við erum langbesta auglýsingin.

En í framtíðinni sé ég fyrir mér miklu fleiri konur í Kiwanis heldur en eru núna, við erum allt of fáar í dag í okkar umdæmi. En ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að konur almennt vita ekki að Kiwanis er fyrir bæði konur og menn, þessu þarf að breyta. Í dag er stafandi ný nefnd hjá umdæminu, kvennanefnd sem á að vinna í því að fjölga konum í Kiwanis. Ég bind miklar vonir við þessa nefnd því ég vil sjá miklu fleiri konur og nýja kvennaklúbba á næstum árum.

Kynning Kjörumdæmisstjóra Kiwanis árið 2009- 2010

Geir Hlíðberg Guðmundsson

Fæðingardagur 11.08. 1953

Langamýri 2

210 Garðabæ

Fæddur og uppalinn vestur í Dölum. Fjölskylduhagur giftur og á 3 uppkomin börn og 6 barnabörn. Læknapróf frá Háskóla Íslands vorið 1979. Framhaldsnám í heimilislækningum í Svíþjóð 1983 -1986. Í framhaldsnámi í lýðheilsufræðum við NHV, Nordiska högskolan för folkhälsovetenskap í Gautaborg síðan 2007.

Læknir við Heilsugæslustöðina og Fjórðungsjúkrahúsið á Ísafirði 1986 til1990 þar af sem yfirlæknir á Heilsugæslustöðinni síðustu 2 árin. Heilsugæslulæknir á Heilsugæslustöð Miðbæjar frá 1990, nema læknir á Öldrunarlækningadeild Landspítalans árið 1999. Læknir Hjúkrunarheimilisins Droplaugarstöðum frá 1999. Unnið tímabundið sem heilsugæslulæknir við afleysingar á nokkrum heilsugæslustöðvum á Íslandi , Svíþjóð og Noregi . Í stjórn Læknavaktarinnar ehf frá 1998

..

Gekk í Kiwanisklúbbinn Bása á Ísafirði 17. október 1987 og var ritari Bása haustið 1990. Fluttist í Kiwanisklúbbinn Viðey 1991 og síðan í Kiwanisklúbbinn Heklu er klúbbarnir sameinuðust og er félagi í Heklu. Var ritari, kjörforseti og forseti Viðeyjar. Í svæðisstjórn Þórsvæðis sem meðstjórnandi, svæðisritari, kjörsvæðissjóri og svæðisstjóri árin 2002-2006. Tók þátt í fræðslu embættismanna á Umdæmisþingum 2007 og 2008 . Erlendur ritari í Umdæmisstjórn 2008-2009. Kjörinn kjör kjörumdæmisstjóri á Umdæmisþingi á Sauðárkróki vorið 2008.

Hvers vegna ég er í Kiwanis

Er mér var boðið að ganga til liðs við Bása á Ísafirði 1987 fannst mér það gott tækifæri til að kynnast fólkinu þar betur, hafði flutt þangað árið áður

Fyrir mig hefur verið lærdómsríkt og þroskandi að starfa í Kiwanishreyfingunni og kynnast mörgum skemmtilegum félögum , og eignast marga vini. Eftirminnilegar ferðir á svæðisráðstefnur Þórs vestur á Firði og lærdómsríkar og eftirminnilegar ferðir til Færeyja í heimsóknir til félaga okkar þar sem taka alltaf einstaklega vel á móti Kiwanisfélögum í heimsókn. Heimsóknir til klúbba sem svæðisstjóri Þórsvæðis voru skemmtilegar og fræðandi. Starf margra klúbba í raun oft ótrúlega öflugt þrátt fyrir að sumir séu fámennir.

Kiwanisandinn er göfugur og sígildur, það að hjálpa þeim er minna mega sín, sérstaklega börnum. Ég vil leggja áherslu á stuðning við líknarstarfsemi og að efla Kiwanishreyfinguna. Leggjum áherslu á það jákvæða og að starfið sé skemmtilegt og gefandi.

Hvernig Kiwanishreyfingin þróast á næstu 10 árum, er erfitt að spá. Íslendingar nú að vissu leyti á krossgötum þar sem hart er sótt að okkur. Hvernig til tekst að ráða fram úr þeim vandamálum? Munum við standast þá ásókn og standa uppréttir eftir? Það mun hafa áhrif á þróun okkar hreyfingar, því afkoma félaganna hefur bein áhrif þar. Í erfiðleikum geta komið tækifæri fyrir þjónustuhreyfingu, samstaða með sínum félögum verði meira metin, og þörfin fyrir aðstoð eykst.

Eigum við að breyta um áherslur, líta okkur nær, og þar með til okkar nærumhverfis, og næstu nágrannalanda.

Spurningar sem þarf að velja fyrir sér, til að mæta breyttum aðstæðum

Nafn og fjölskylduhagir (gift, börn)

Atli Þórsson. Ógiftur og barnlaus.

Hvenær var gengið til liðs við Kiwanis?

16.2.2002

Hvaða klúbbur og helstu embætti innan klúbbsins

Eldey. Hef verið meðstjórnandi, ritari, gjaldkeri og varaforseti.

Hvaða embætti innan umdæmisins (hérlandis og erlendis ef einhver eru)**Af hverju er ég í Kiwanis?**

Til að kynnast skemmtilegu fólki. Láta gott af mér leiða með því að styðja þá sem minna mega sín. Þá hef ég áhuga á að vera í félagsskap sem er tiltölulega opin, fá leyndarmál og snobb stuðullinn lágur.

Hvernig sé ég kiwanishreyfinguna þróast næstu 10 ár

Vill að kiwanishreyfingin fylgi eftir breyttum tíðaranda og verði þannig freistandi fyrir ungt fólk að ganga til liðs við kiwanishreyfinguna. Einnig vil ég að hreyfingin verði áfram opin hreyfing og fyrir alla sem áhuga hafi á að ganga til liðs við hana.

Skýrsla Svæðisstjóra Óðinssvæðis 2009

Umdæmisstjóri ágætu Kiwanisfélagar. Þegar maður tekur að sér embætti eins og Svæðisstjóra, þá heldur maður að starf allra klúbba í svæðinu sé á sína ábyrgð, að vissu leiti er það þannig að ef að klúbbar eru ekki að standa sig þá finnst manni það miður, en sem betur fer tel ég mig ekki þurfa að hafa áhyggjur af því. Stjórnarskipti gengu vel, en því miður komst ég ekki í stjórnarskipti hjá Grími og Öskju, var það vegna breytinga á minni vinnu sem var til þess að ég var mun meira að heiman en ég reiknaði með. Fyrirverandi Svæðisstjórar þeir Dónald Jóhannsson sem sá um stjórnarskiptin í Grími og Hjálmar Björgólfsson í Öskju og kann ég þeim mínar bestu þakkir fyrir.

Starfið hefur verið gott í öllum klúbbum í svæðinu, fjáraflanir, styrktarverkefni og vinnuframlög hafa verið í góðu lagi. Í upphafi starfsárs settu menn sér það markmið meðal annars (Fjölgun félaga) sem var orðin mikil nauðsyn fyrir Umdæmið til að lenda ekki í þeirri aðstöðu að vera sett sem umdæmi í aðlögun samkvæmt lögum Kiwanis. Í Óðinssvæði hefur þetta gengið eftir, raunfjölgun í svæðinu eru sex félagar það er þrír í Grími, tveir í Skjálfanda, einn í Emblum, og tveir í Kaldbak en þar misstum við líka tvo. Mér eru þau orð Sigurðar Péturssonar fyrirverandi umdæmisstjóra í fersku minni þegar að hann hét þeim svæðisstjóra bikar sem næði mestri fjölgun í Umdæminu, stærð bikarsins átti að vera 5cm á hvern nýjan félag, 5x6 eru 30cm, það er dágóður bikar en ég reikna nú síður með að verða fyrir valinu.

Svæðisráðstefnur voru þrjá, tvær á Akureyri og ein í Mývatnssveit og tókust þær allar með ágætum, málefnalegar umræður, góð skýrsluskil og mæting. Þar var meðal annars ákveðið sameiginlegt styrktarverkefni fyrir Óðinssvæði sem er að gefa Endurhæfingarstöðinni á Kristnesspítala (Standbekk) sem er ætlaður sem hjálpartæki við endurhæfingu sjúklinga, og ætti að vera búið að afhenda hann þegar þessi orð eru töluð. Í byrjun maí afhentu klúbbar á svæðinu reiðhjólahljálmana og gekk það í alla staði mjög vel, það verður að segjast eins og er að þetta verkefni er mér mjög kært. Sumarhátíð Óðinssvæðis var haldin síðustu helgina í júní að Breiðumýri í Reykjadal, þar mættu um 120 manns í frábæru veðri, þar var margt til gamans gert til dæmis vítakeppni, húllahopp, krikket, og hoppukastali, þá var sameiginlegur kvöldverður á laugardeginum og varðeldur seinna um kvöldið. Var þessi helgi alveg frábær skemmtun. Að lokum vil ég þakka fyrir ánægjulegt samstarf í umdæmisstjórn og félögum mínum í svæðisráði. Ég óska verðandi stjórn velfarnaðar á komandi ári.

Stefán Jónsson Svæðisstjóri

Skýrsla Svæðisstjóra Eddusvæðis.

Ágætu Kiwanisfélagar, í þessari skýrslu dreg ég saman það helsta yfir þetta starfsár.

Fyrst skipti ég um stjórn hjá Höfða sem haldinn var á Hótel Rangá. Mér til aðstoðar var Jakob Marinósson Höfða.

Á sama tíma var skipt um stjórn hjá Jörfa þar sem umdæmisstjóri Matthías Guðmundur Pétursson skipti um stjórn ásamt Valdimar Jörgenssyni.

Næst skipti ég um stjórn í mínum klúbba Kötlu, haldið á Engjateig 11 ásamt mökum, mér til aðstoðar voru Snjólfur Fanndal og Árni Jóhannsson. Því miður gat Jakob Marinósson ekki verið með mér. Næst var skipt um stjórn hjá Þyrli Akranesi, þar var með mér Jakob Marinósson kjörsvæðisstjóri.

Tvær svæðisráðstefnur hafa verið haldnar, fyrst á Krúkafla Akranesi 22 nóv 2008.

Þar mætti Umdæmisstjóri Matthías Guðmundur Pétursson og flutti fréttir frá umdæminu.

Meðal efnis var verkefni og markmið klúbba á Eddusvæði og stjórnaði Hilmar Svavarsson því og tókst það vel úr hendi. Síðan voru kynntir þeir sem gáfu kost á sér til svæðisstjóra 2010-2011. Snjólfur Fanndal Kötlu og Jón Jakob Jörfa.

Síðan var haldin svæðisráðstefna 28 mars að Fossatúni Borgarfirði. Þar var kosið til Svæðisstjóra 2010-2011 á milli Snjólfis Fanndals og Jóns Jakobs. Mér til hjálpar voru Hjálmar Hlöðversson og Ævar Breiðfjörð og var Jón Jakob kosinn svæðisstjóri 2010-2011 .

Ég fór á fund hjá Jörfa ásamt Þórði Flosasyni forseta Kötlu og Höfða ásamt Umdæmisstjóra Matthíasi Guðmundi Péturssyni fyrir áramót.

Þyril heimsótti ég 30 janúar á þorrafund ásamt Hjálvari Hlöðverssyni. Höfða heimsótti ég 5 febrúar, síðan Jökla 11. febrúar ásamt Umdæmisstjóra Matthíasi og Kjörsvæðisstjóra Jakobi Marinóssyni, en þar verður sama stjórn.

Jörfa heimsótti ég 16 febrúar ásamt Svæðisritara Snjólfri Fanndal, síðan heimsótti ég Þyril Akranesi ásamt 7 Kötlu félögum.

Starf klúbba Eddusvæðis hefur verið mjög gott samkvæmt skýrslum. Það hefur verið sérlega góð fundarmæting hjá öllum. Því miður hefur fækkað í Eddusvæði á þessu starfsári úr 137 félögum í 135.

Fjáröflum í styrktarsjóð klúbbanna eru 3.263.000. Veitt fé úr styrktarsjóði 3.145.000.

Framlag í vinnustundum er 1121 klukkustund.

Allir klúbbarnir og einnig fjórir frá Smyrli Borgarnesi og Guðbirni Ásgeirssyni Ólafsvík komu að hjálmaverkefninu sem er það skemmtilegasta sem við gerum Kiwanismenn.

Að lokum vil ég þakka forsetum, riturum, svæðisstjórn og kiwanisfélögum Eddusvæðis fyrir frábærar móttökur í vetur. Einnig vil ég þakka Umdæmisstjórn fyrir gott samstarf.

Svæðisstjóri Eddusvæðis.

Helgi Straumfjörð

Svæðisstjórn Grettissvæðis starfsárið 2008-2009 skipa:

Ingólfur Örn Guðmundsson svæðisstjóri

Ólafur Jónsson svæðisritari

Guðmundur Skarphéðinsson kjördæmisstjóri

Sigurður Skarphéðinsson fráfarandi svæðisstjóri

Ingimar Hólm Ellertsson meðstjórnandi

Í Grettissvæðinu ganga hlutirnir nokkuð þokkalega fyrir sig, hin hefðbundnu stjórnarskipti voru framkvæmd í byrjun starfsárs með tilheyrandi uppákomum .

Fráfarandi stjórnir kvaddar og nýjar boðnar velkomnar með tilheyrandi fagnaði.

Svæðisráðsfundir voru á sínum stað og miðluðu eldri og reyndari félagar af reynslu sinni.

Einnig komu upp nýjar hugmyndir sem vonandi ná fram að ganga. Eins og t.d fækkun nefnda, meiri samgangur milli klúbba innan svæðisins svo eitthvað sé nefnt.

Fjáraflanir voru að mestu leyti óbreyttar frá fyrri árum.

Margt var brallað á Grettissvæðinu fyrir börn og eldri börn svo sem álfabrenna og sundmót

Þá var haldið boccia mót. Ekki má gleyma hjálma afhendingunni sem er árleg gleðistund fyrir Kiwanisfélagi og börn.

Á þorrafundi Drangeyjafélaga var Ingimari Hólm Ellertssyni veitt gullstjarnan fyrir vel unnin störf í þágu klúbbsins á liðnum árum.

Þá hafa félagar verið duglegir við að heimsækja aðra klúbba til að mynda fóru tveir klúbbanna

til Vestmannaeyja og lenti annar þeirra á mikilli Sinawikhátíð. Tóku Helgafellsmenn með glæsibrag á móti klúbbunum.

82 Kiwanisfélagar eru skráðir á Grettissvæðinu og hefur þeim fjölgað um tvo á á liðnu ári

Meðaltalsmæting er um 50 % á svæðinu, mætti hún vera betri.

Þá hafa verið veittir styrkir til hinna ýmsu mála.

Ingólfur Örn Guðmundsson svæðisstjóri.

Skýrsla Sögusvæðis

Allir klúbbar Sögusvæðis hafa starfað af krafti í vetur, og skilað ágætu starfi. Það hefur ekki margt gerst frá því á svæðisráðsstefnunni í Þorlákshöfn, allar helstu fjáraflanir og styrk veitinga vetursins eru að baki og tími aðalfunda og loka starf ársins. Fjáraflanir hafa gengið þokkalega miðað við almunnt ástand og hafa klúbbarnir komið að mörgum styrktarverkefnum

Við í sögusvæði njótum þess að Helgafell er í okkar svæði og bera þeir að venju höfuð og herðar í afli og starfi, og eins og sjá má á heimasíðu klúbbsins þá hafa þeir átt skemmtilegan og líflegann vetur í Kiwanis. Ölvers menn hafa unnið að endurbótum á húsi sínu í Þorlákshöfn á vormánuðum og láta þokkalega af sér, en eins og sjá má á mætingar tölum þá er búið að vera líflegt í veiðum og vinnslu í Þorlákshöfn sem raunar víðar. Búrfell hefur starfað ágætlega og eru líkur á að þeim fjölgi með haustinu. Ós hefur átt góðan vetur og gengið vel og stafið verið gott. Helgafell aflaði flestra króna en Ós mest á hvern félagan þennan veturinn. Helgafell styrkti um flestar krónur en Gullfoss flestar á hvern félagan. Það er óneitanlega eftirsjá í félögum okkar í Gullfoss, það gerðist nú á vordögum að félagarnir ákváðu að leggja klúbbinn niður og hafa þeir gert það eftir bókinni og er það skýring á háum styrkjum þeirra að þeir voru að ráðstafa styrktarsjóði Gullfoss. Þeir félagarnir eru komir vel við aldur og heilsa sumra að láta undan og sáu þeir ekki möguleika á endurnýjun í klúbbnum og ákváðu að slíta Kiwanis klúbbnum Gullfoss á fundi í júní þar sem allir félagar voru mættir. Ég vil þakka þeim samstarf og samvistir á liðnum árum.

Skýrsluskil hafa verið með ágætum og borist að öllu jöfnu í tíma og ágætlega frágengnar. Við munum halda aðra svæðisráðstefnu okkar þann 11. september í Reykjavík og verður gerð skýrsla að henni lokinni.

Stefán B. Jónsson

Skýrsla umdæmisféhirðis til umdæmisþings

Í Reykjavík 11-13 september 2009.

Undirbúningur fyrir starf umdæmisféhirðis hófst með því að sitja framkvæmdarstjórnarfundum hjá síðustu umdæmisstjórn og var það góður undirbúningur fyrir starfið. Á umdæmisþingi sem haldið var á Sauðárkróki um mánaðarmótin maí/júní 2008, aðstoðaði ég fræðslunefnd við fræðslu verðandi féhirða.

Í október 2008 tók ég svo formlega við embætti umdæmisféhirðis af Svavari Svavarssyni, ég tók við góðu búi af honum og á ég ekki von á öðru en að þetta starfsár komi vel út. Ómar Hauksson hjá Kiwaniskl. Skildi Siglufirði tók góðfúslega að sér að færa bókhald hreyfingarinnar eins og hann hafði gert í tíð Svavars og kann ég honum bestu þakki fyrir það. Ákveðið var að hafa reikninga umdæmissins áfram hjá Sparisjóði Siglufjarðar en þeir hafa reynst okkur vel og veitt góða þjónustu. Að venju hefur fjárhagsnefnd óskað eftir bráðabirgðauppgjöri á 3 mánaða fresti, það hefur gengið eftir með snarræði Ómars og hafa þeir engar athugasemdir gert við þau uppgjör.

Greiðslur vegna gjalda til umdæmissins voru sendar út að venju, fyrrihluti í október og seinni hluti í apríl og greiddu allir klúbbar gjöld sín á tilsettum tíma. Verðandi erlendu gjöldin þá fengu klúbbarnir verulegan afslátt af árgjöldum sínum eða um 40%. Þegar þetta er skrifað eiga 3 klúbbar eftir að greiða erlendu gjöldin.

Eins og sést á meðfylgjandi uppgjöri þá er peningaleg staða hreyfingarinnar nokkuð góð, vegna þess hefur verið hægt að greiða alla reikninga umdæmissins á réttum tíma. Einhver kostnaður í sambandi við umdæmisþingið ofl. er ógreiddur. Ég vil hvetja þá sem eru með ógreidda reikninga á umdæmið að senda þá sem fyrst.

Staða á reikningum umdæmissins hjá Sparisjóði Siglufjarðar þann 14. júlí 2009.

Tékkareikningur kr. 582.330

Peningamarkaðsreikningur kr. 3.864.791

Gullreikningur kr. 470.203 (Umdæmisþing 2008)

Bakhjarl kr. 8.862 (söfnunarreikn. Styrktarsjóðs Kiwanis International Foundation)

Peningamarkaðsreikningur kr. 165.335

Peningamarkaðsreikningur kr. 957.103

Sigurður Ingibergsson

Umdæmisféhirðir

Skýrsla umdæmisritara, starfsárið 2008 – 2009

Eitt af hlutverkum mínum sem umdæmisritari er að halda utan um mánaðarskýrslur frá klúbbum og upplýsa umdæmisstjórn reglulega um stöðu klúbba.

Í þessari skýrslu hef ég tekið saman mánaðarskýrslurnar frá upphafi starfsárs til enda maí.

Það má segja að skýrsluskilin hafi verið mjög góð á þessu tímabili, en þær eru orðnar 269 skýrslurnar sem mér hafa borist og eru því um 96% skil. Hjá sumum riturum fylgdu alltaf með minnispunktar þar sem þeir sögðu frá nánar hvað væri að gerast hjá klúbbunum. Það var alltaf gaman að fá þessa minnispunkta og langar mig að nota tækifærið og þakka þeim riturum fyrir, sem sent hafa þessar upplýsingar með skýrslunum. Langflestir klúbbar eru að skila mjög góðu og kraftmiklu starfi og ekki síst minni klúbbar. Flestir klúbbar eru með tvo fundi í mánuði og tvo stjórnarfundum. Það er tölvuvert um heimsóknir á milli klúbba og að farið sé á svæðisráðsfundi. Klúbbar gera líka mikið af því að fá til sín skemmtilega og fræðandi fyrirlesara á almennum fundum og ræða svo klúbbstarfið á félagsmálafundum. Það virðist vera mjög lifandi og áhugavert starf í nánast öllum klúbbum í umdæminu.

Í upphafi starfsárs voru Kiwanisfélagar í Umdæminu Ísland – Færeyjar 888 en voru miðað við maí skýrslur 913. Á þessu tímabili hafa 56 nýir félagar gengið til liðs við hreyfinguna en 30 félagar hafa aftur á móti hætt, raunfjölgunin er því 26 félagar. Við erum að minnsta kosti á réttri leið varðandi fjölgun, en eitt af markmiðum umdæmisins þetta starfsár er að fjölga félögum.

Oft gætir misræmis í fjölda félaga á milli mánaða í skýrslum frá klúbbum en umdæmisritari hefur reynt að halda vel utan um fjölda félaga og verið í sambandi við klúbbritara þegar misræmi hefur komið upp á. Það vantar líka of oft að allar breytingar séu tilkynntar svo sem breytt heimilisföng eða netföng, það gleymist meira að segja að stundum að tilkynna hætta félaga. Ritarar klúbba verða að passa upp á þessi atriði miklu betur því það skiptir svo miklu máli að þetta sé allt rétt. Við ykkur sem verðið ritarar næsta starfsár segi ég þetta, mætið á fræðslu

fyrir ritara sem verður föstudaginn 11. september. Þar verður farið ýtarlega í öll störf ritara og held ég að allir hafi bæði gott og gaman af að mæta þar.

Kiwanisfélagar eru duglegir að mæta á fundi en meðalmætingarprósentan hjá þeim klúbbum sem hafa skilað mér skýrslum á þessum átta mánuðum er 68 % sem verður að teljast ágætt. Ég hefði samt viljað sjá fleiri mætingarviðurkenningar en samkvæmt heimsóknum milli klúbba ættu þær örugglega að vera fleiri. Þannig að mæting er töluverð meiri heldur en prósentan segir til um. Miðað við maí skýrslur frá klúbbunum voru 31 félagar í leyfi frá klúbbstarfinu.

Margvísleg fjáröflunarverkefni eru hjá klúbbunum má þar nefna flugeldasölu, jólatrésölu, þeir selja sælgæti, blóm, halda bingó og villibráðakvöld svo eitthvað sé nefnt. Með þessum verkefnum hefur klúbbunum í umdæminu tekist að safna í styrktarsjóði sína rúmlega 23 milljónum kr. Á sama tíma hafa klúbbarnir veitt rúmlega 18 milljónum kr. úr styrktarsjóðum. Þetta verður að teljast glæsilegt því ótalinn er styrkur frá Eimskip vegna hjálmaverkefnis.

Á þessum tíma hafa Kiwanisfélagar unnið í samtals 11.386 klst. sem segir okkur hvað starfið er gífurlega öflugt og hvað félagar leggja mikið á sig í þágu hreyfingarinnar.

Kiwanisfélagar gera sér líka margt til skemmtunar og í skýrslum frá klúbbunum má sjá

hvað það er gaman að vera í Kiwanisklúbbi. Það er til dæmis farið í leikhús, á árshátíð, haldnir eru fjölskyldufundir, farið í keilu, haldið kúrekaball, farið í gönguferðir og haldnar sumarhátíðir, sem eru mjög vinsælar hjá félögum.

Það er alltaf gaman að fá skýrslur frá klúbbum og sjá hvað það er margt að gerast hjá þeim og hvað starfið er fjölbreytt, kraftmikið og spennandi.

Að vera umdæmisritari er mjög krefjandi starf en jafnframt skemmtilegt og lærdómsríkt. Undirbúningstíminn fyrir það embætti hófst strax í janúar á sl.ári þegar ég fór til Brussel í Belgíu á ráðstefnu um markmið og stöðu KI. Strax þegar heim var komið sat ég alla framkvæmdastjórnarfundi með hálfmánaðar millibili ásamt því að vinna með fræðslunefnd og taka þátt í fræðslu svæðisstjóra, forseta og ritara.

Sem verðandi umdæmisritari var það mitt hlutverk að vinna og gefa út félagatal umdæmisins, sem var mjög mikil vinna. Oft gekk erfiðlega að fá upplýsingar frá klúbbum og mynd af verðandi forseta, en allt hafðist þetta á síðustu metrunum. Sem umdæmisritari hef ég það sem af er starfsári setið alla framkvæmdastjórnarfundi og ritað fundargerðir . Ég hef einnig setið umdæmistjórnarfundi og ritað fundargerðir sem hafa verið birtar á heimasíðunni okkar, kiwanis.is. Allir félagar hafa því aðgang að þessum fundargerðum og vil ég hvetja sem flesta að lesar þær og fylgjast þannig með því sem er að gerast í hreyfingunni.

Samskipti mín við Kiwanisfélaga um land allt hafa verið mikil á þessum tíma, bæði í síma og með tölvupósti og hefur þetta verið góður og lærdómsríkur vetur. Ég hef kynnst mörgu skemmtilegu og jákvæðu Kiwanisfólki og vil ég nota tækifærið hér og þakka fyrir þessi ómetanlegu kynni og gott samstarf.

Hjördís Harðardóttir

umdæmisritari 2008-2009

Skýrsla internetnefndar til umdæmisþings 11 september 2009.

Sælir ágætu Kiwanismenn og konur og velkomin til þings.

Þetta starfsár fór frekar rólega af stað í sambandi við fréttáöflun á vefinn okkar sem er ekki nógu gott, þar sem mikið er um að vera fljótlega eftir stjórnarskipti í kúbbunum og því ætti fréttafærðir að vera í hámarki, en það rættist úr þegar fór að líða á starfsárið, og eins og maður hefur oft sagt áður þá er ekki gaman af vefsíðu sem ekki er lífleg og uppfærð oft. Heimasíður klúbbanna eru þokkalegar og ca. 12 til 13 til fyrirmyndar en alltaf er hægt að gera betur, en spjallsíðan á vefnum okkar hún er ekki nógu virk og enn og aftur biðla ég til félaga að skrá sig inn og fara að nota þessa skemmtilegu leið til að koma hinum ýmsu Kiwanismálefnum á framfæri og ræða við aðra Kiwanisfélaga.

Ýmsar hugmyndir eru í gangi með framtíðarsýn kiwanis.is því þróun umsýslukerfa er ör og alltaf eithvað nýtt að koma upp á borðið t.d. eins og að hafa félagatal hreyfingarinnar í gagnagrunnskerfi inni á vefnum ásamt RSS fíðus sem birtir fréttir á öllum síðum hreyfingarinnar samtímis. Gott væri líka að koma öllum klúbbunum inn í eitt og sama umsýslukerfið og hef ég tilboð undir höndum í slíka framkvæmd. Síðan er hægt að setja upp nefndarkerfi og m.fl.

Hýsingarmálin eru ekki enn í nógu góðu lagi og er verið að vinna í því að koma þessu öllu undir einn hatt, því eins og þetta er í dag þá er gamli hluti vefsins enn í hýsingu hjá Vodafone og nýrri hlutinn í umsýslukerfinu er hýstur hjá Smart Media og í þessum skrifuðu orðum er verið að vinna í því að taka þetta allt undir einn server hjá Smart Media og á þessu verki að vera lokið í ágústlok. Þá verður þetta auðveldara því eins og áður hefur komið fram þá eru sumar síður enn á gamla servernum sem Front Page síður með ftp aðgangi, sem vonandi heyrir sögunni til innann fárra ára.

Svona í lokin þá vil ég þakka Kiwanismönnum og konum fyrir gott samstarf á þessu starfsári sem er að líða, og vil ég hvetja ykkur áfram til góðra verka á internetinu til kynningar á hreyfingunni og klúbbum ykkar og óska eftir að vera áfram í góðu samstarfi við ykkur. Eins ber að minnast á að á þinginu verðum við með vinnustofu þar sem við verðum til skrafs og ráðagerða fyrir Kiwanismenn um heimasíðugerð, skýrsluskil á netinu o.fl.

Tómas Sveinsson formaður internetnefndar

Skýrsla útbreiðslunefndar

Reynt hefur verið að ýta klúbbastofnun úr vör. Eitthvað er brösótt við það, við förum bjartsýnir til Egilsstaða en eitthvað fór þar úrskeiðis. Ekki urðu þær væntingar sem búist var við, engin mæting á kynninguna sem haldin var og í framhaldinu var farið til Reyðarfjarðar. Þar höfum við aðila sem vill koma að stofnun klúbbs, en hann telur að það sé ekki tímabært enn, vegna mikils álags í vinnu, lítið annað en vinna og svefn.

Hér í margmenninu á höfuðborgarsvæðinu er vinna í gangi sem á að skila klúbb með haustinu, þannig að vonandi verður viðsnúningur í kiwanis því ekki má fækka meir en orðið er. Ég hvet kiwanisfólk um allt land að bjóða með sér á fundi, vini, syni, tengdasyni, tengdadóttur, dóttur eða nágranna, allt til að kynna kiwanis, þar telur hver og einn sem í kiwanis kemur og kynnist okkur.

Hjálmar Hlöðversson

Skýrsla Ægissvæðis

Starfið hófst að hefðbundnum hætti með stjórnarskiptum hjá klúbbunum á svæðinu.

Mér til aðstoðar voru Arnar Ingólfsson kjörsvæðisstjóri, Gísli G. Gunnarsson fráfarandi svæðisstjóri, Dröfn Sveinsdóttir og Gunnar Rafn Einarson svæðisritari.

Klúbbarnir eru almennt vel settir og starfa vel í sínum sveitarfélögum.

Styrkir sem klúbbarnir veita eru með miklum ágætum, en hver klúbbur er með sitt styrktarverkefni og eru þau mjög fjölbreytt.

Fjáröflunarverkefni klúbbanna eru meðal annars: sjávarréttardagur, villibráðardagur, jólaskeytingar, lundakvöld, skötuveisla, jólatréssala, flugeldasala auk ýmiss annars.

Í lok október fylgdu nokkrir félagar úr Eldborg mér á fund í Hlégarði í Mosfellsbæ með heimsforseta Kiwanishreyfingarinnar.

Þetta var mjög góður og fróðlegur fundur sem um eitt hundrað kiwanisfélagar sóttu.

Á liðnum vetri hefur mér og Hafdísí konu minni verið boðið á ýmis skemmtikvöld og fjáraflanir.

Klúbbarnir eru með sameiginleg verkefni sem eru til dæmis: dansleikur fyrir fatlaða og hjálmaverkefni.

Haldnar hafa verið þrjár svæðisrástefnur á liðnu starfsári.

Fjölgun á svæðinu hefur verið með mesta móti, vel á annan tug félaga, og megum við vel við una, en betur má ef duga skal.

Við hjónin fórum ásamt fríðum hópi íslenskra kiwanismanna til Gent í Belgíu á Evrópuþing Kiwanis, ferðin var farin til að styðja við okkar mann, Andrés Hjaltason, sem var í framboði til embættis Evrópuforseta. Það gekk ekki sem skyldi, en að loknu góðu þingi fórum við öll saman út að borða og áttum góða stund saman.

Hópur 35 manna hélt ferðinni áfram til Þýskalands og Lúxemborgar undir fararstjórn Bödda og Didda. Farið var um Móseldal að ármótum Mósél og Rínar. Einnig var farið í vínsmökkun og skoðaðir margir fallegir bæir í Móseldalnum.

Í Lúxemborg vorum við með íslenskan leiðsögumann sem er búsettur þar, og sýndi okkur flest það sem þar var að sjá. Ferðinni lauk mjög óvænt í Kaupþingi, þar sem okkur var boðið upp á gamalt kampavín og fréttum við þar, að samningar hefðu tekist um sölu bankans og endurreisn hans. Það var skemmtileg upþákoma.

Auðvitað var þýska borgin Trier skoðuð og svo margir aðrir staðir.

Ég vil þakka Bödda og Didda fyrir góða fararstjórn og skipulagningu, með þeim stutta fyrirvara, sem þeir fengu.

Í lok júní var haldin árleg sumarhátíð Ægissvæðis að Hellishólum í Fljótshlíð, en þar komu saman vel á annaðhundrað manna á öllum aldri. Í boði var meðal annars minigolf, boltaleikur, pokahlaup, reiptog og fleira með börnum, ásamt tjaldsamkonu um kvöldið með grilli, leikjum og söng.

Sumarhátíðin er ávallt undir stjórn kjörsvæðisstjóra, nú Arnars Ingólfssonar, og kjörforseta klúbbanna, en allir klúbbarnir hafa verkefni í dagskánni.

Helgin tókst frábærlega og verður örugglega áframhald, eins og mörg undanfarin ár.

Vil ég þakka öllum klúbbfélögum fyrir þeirra störf og skemmtun.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim fjölmörgum félögum sem ég hef kynnst í vetur og vil biðjast forláts að hafa ekki komist yfir allt það sem ég hefði viljað gera, en vegna anna og ástands þjóðfélagsins hefur það því miður ekki tekist.

Með bestu Kiwaniskveðjum,

Guðjón Guðnason.

Svæðisstjóri Ægissvæðis

